

Kópavogsbær
Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

Reykjavíkflugvelli, 19. júní 2023
INN2306016SBJ

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi. Vesturvör 22-24 (Hafnarbraut 16-18).

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar dags. 24. maí 2023 þar sem kynnt var tillaga að deiliskipulagsbreytingu og óskað eftir umsögn Isavia um tillöguna.

Félagið hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn sem vísað var á á vef Kópavogsbæjar og vekur athygli á eftirfarandi:

Hámarkshæð bygginga samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er 22.0 m.y.s. Hæð hindranaflata á umræddu svæði er rétt um 22 m.y.s. og hærra. Flugvélar í aðflugi og brottflugi frá flugvelliinum geta því verið mjög nærri húsum. Að mati félagsins er æskilegt að vakin sé athygli á þessari nálægð í deiliskipulaginu og jafnvel gerðar auknar kröfur til hjóðvistar húsanna vegna þessa. Nauðsynlegt er að mati félagsins að á þversniðum séu dregnar línur sem sýna hindranaflöt flugvallarins þ.a. menn megi gera sér grein fyrir að hámarkshæð húsa er rétt neðan við hindranaflötinn. Þar sem farið er svo nærri hindranaflötum er nauðsynlegt að mati félagsins að tekið sé fram að gervihnattadiskar, loftnet eða annar slíkur búnaður megi ekki fara yfir hæð hindranaflatar.

Vakin er athygli á því að á uppdrætti virðis sem að sneiðmynd sem merkt er A-A sé í raun sneiðmynd 1-1.

Kópavogsbær þarf að leita allra leiða til að tryggja að tæki og tól sem notuð eru við byggingu húsa á þessu svæði fari ekki upp í hindranaflötinn. Því er vakin athygli á því að skipulagsreglur og hæðartakmarkanir ná yfir t.d. byggingarkrana, bílkrana, dælurör steypubíla og fleira slíkt og sækja þarf um leyfi fyrir öllu slíku sé ætlunin að slíkt fari upp í hindranaflötinn.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia Innanlandsflugvelliir ehf.

Sigrún Jakobsdóttir
Framkvæmdastjóri

Afrit: Samgöngustofa